



**Lífeyrisréttindi
í B-deild LSR
20.05.2019**

**Ágústa H. Gísladóttir
forstöðumaður réttindamála hjá LSR
Bryndís Richter
sérfræðingur eftirmannsreglu**



Víðtæk réttindi

- LSR tryggir þér og fjölskyldu þinni víðtæk réttindi
- Eftirlaun ævilangt
- Örorkutrygging komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss
- Falli sjóðfélagi frá eiga eftirlifandi maki og börn rétt til maka- og barnalífeyris



Uppbygging lífeyriskerfisins

Íslenska lífeyriskerfið er byggt á þremur meginstoðum:

1. Almennatryggingar
 - tekjutengdar greiðslur
2. Skyldutrygging lífeyrissjóðanna (samtrygging)
 - lífeyrisgreiðslur hefjast 60-80 ára aldri
3. Viðbótarlífeyrissparnaður (séreign)
 - laus til útborgunar frá 60 ára aldri

[Lífeyrissjóðir á 90 sekúndum](#)





B-deild LSR
Lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum 01.01.1997



LSR - breytingar 1997

- 1997 tóku gildi breytingar á lögum LSR
 - LSR skipt í 2 deildir A og B
 - B-deild LSR byggir á gegnumstreymi og að hluta á sjóðsöfnun
 - A-deild LSR byggir á fullri sjóðsöfnun með líkum hætti og lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði
- Allir nýir sjóðfélagar ganga í A-deild en B-deild er lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum
 - Þeir sem greiddu til B-deildar í árslok 1996 gátu valið milli deilda
- Falli iðgjaldagreiðsla sjóðfélaga niður lengur en í 12 mánuði, fellur aðild hans niður að sjóðnum
 - Aðild helst ef formlegu ráðningarsambandi er ekki slitið



LSR – breytingar 2018

- Þann 1.1.2018 sameinaðist LH - Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga B-deild LSR.
- Réttindi sjóðfélaga sem voru hjá LH voru flutt yfir í B-deild LSR og réttindakerfi sjóðanna samræmt.
- Þess hefur verið gætt að enginn sjóðfélagi tapi réttindum vegna sameiningarinnar.
- Samkvæmt lögum um LH var hjúkrunarfræðingum heimilt að greiða í sjóðinn án tillits til starfshlutfalls en samkvæmt lögum um B-deild LSR má starfið eigi vera minna en hálft starf til að heimilt sé að greiða í B-deild. Þessi sérregla fyrir sjóðfélaga LH fellur niður og mun sama regla gilda um þá og sjóðfélaga í B-deild LSR. Þó mun þeim hjúkrunarfræðingum sem greiddu af minna en 50% starfshlutfalli á árinu 2017 vera það heimilt áfram.



Aðild

- Skilyrði sjóðfélaga fyrir aðild:
 - Vera ráðinn í minnst 50% starf með a.m.k. 3 mánaða uppsagnarfresti
 - Ef sjóðfélagi er með tímabundna ráðningu – ekki styttri en 1 ár
 - Sjóðfélagi sem hefur áður greitt í B-deild og ekki eru liðnir meira en 12 mánuðir frá síðustu iðgjöldum.
- Skilyrði vinnuveitanda fyrir aðild:
 - Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1996.
 - Launagreiðendur, aðrir en ríkið sem eru með aðild:
 - » Opin aðild – geta greitt fyrir alla sína starfsmenn
 - » Takmörkuð aðild – hafa eingöngu aðild fyrir ákveðna starfsmenn.
 - » Aðild fyrir kennara – öll sveitarfélög
- Einstaklingsaðild – aðild í kjölfar á niðurlagningu á starfi



Iðgjald og réttindaávinnsla

- 4% iðgjald er greitt af dagvinnulaunum, reglubundnum vöktum, persónuuppbót og orlofsuppbót
- Réttindi reiknast út frá iðgjaldatíma og starfshlutfalli
- 2% réttindi ávinnast árlega fyrir 100% starf
- Eftir að hafa greitt iðgjald í 32 ár þarf að velja á milli tveggja reglna:
 - 32 ára reglunnar (almenna reglan)
 - 95 ára reglunnar
 - Samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími nær 95 árum
- Þegar regla hefur verið náð og samþykkt þá verður sjóðfélaginn iðgjaldafrír



Réttindaávinnsla - iðgjaldafrí

- Almenna reglan
 - 2% á ári miðað við fullt starf í 32 ár
 - 1% á ári eftir 32 ár (iðgjaldafrí)
 - 2% á ári eftir 65 ára aldur
- Dæmi: Sjóðfélagi, sem byrjar að greiða í sjóðinn 25 ára og greiðir iðgjöld af fullu starfi í 32 ár eða til 57 ára aldurs, ávinnur sér 64% lífeyrisrétt.
 - Frá 57 ára aldri til 65 ára aldurs bætir hann við sig 1% á ári eða alls 8%.
 - Láti sjóðfélaginn af störfum 65 ára hefur hann áunnið sér 72% lífeyrisrétt.
 - Starfi hann áfram til 70 ára aldurs bætir hann 2% við rétt sinn fyrir hvert ár frá 65 ára aldri til 70 ára aldurs eða samtals 10% fyrir þessi ár. Lífeyrisréttur við 70 ára aldur verður þá alls 82%.
 - Starfi hann áfram eftir að 70 ára aldri er náð, ávinnast áfram 2% á ári fyrir fullt starf.



Réttindaávinnsla - iðgjaldafrí

- 95 ára regla
 - 2% á ári að hámarki 64%
 - 2% á ári eftir að 95 ára reglu er náð (iðgjaldafrír)
- Dæmi: Sjóðfélagi, sem byrjar að greiða í sjóðinn 25 ára, nær 95 ára markinu þegar hann verður 60 ára. Hann greiðir þá í sjóðinn í 35 ár ($60+35=95$).
 - Sjóðfélagi þessi hefur rétt á að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur. Áunninn lífeyrisréttur verður þá 64%.
 - Starfi hann áfram til 65 ára aldurs verður rétturinn 74%.
 - Starfi hann áfram til 70 ára aldurs verður rétturinn 84%.
 - Starfi hann áfram eftir að 70 ára aldri er náð, ávinnast áfram 2% á ári fyrir fullt starf.



Lífeyristökualdur

- **Skilyrði fyrir lífeyristöku er að sjóðfélagi hafi látið af því starfi sem veitir rétt til aðildar að sjóðnum**
- **Almennur aldur við upphaf lífeyristöku er 65 ára**
- **Undantekning er 95 ára reglan**
 - Gerir sjóðfélögum kleift að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur. Þeir sem ná þessu marki fyrir 64 ára aldur geta hafið töku lífeyris samkvæmt þessari reglu en þó aldrei fyrr en þeir hafa náð 60 ára aldri
 - Þeir sem ná 95 ára reglu fyrir 60 ára aldur verða að halda áfram í starfi sem veitir þeim aðild að B-deildinni þar til 60 ára aldri er náð og/eða fram að þeim tíma er þeir hefja töku lífeyris



Ellilífeyrir – í beinu framhaldi af starfi: Viðmiðunarlaun

- **Lífeyrir er miðaður sem hlutfall af dagvinnulaunum við starfslok**

Undantekningar:

- **10 ára reglan:** Sjóðfélagi sem var í hærra launuðu starfi/störfum í a.m.k 10 ár fyrr á sjóðfélagatímabilinu getur óskað eftir því að viðmiðunarlaun lífeyris miðast við þau laun.
- **Frestun lífeyristöku:** Sjóðfélagi heldur rétti sínum að fara á lífeyri út frá þeim launum sem hann var með þegar réttur á lífeyristöku var náð
- **Heilsubrestur:** Sjóðfélagi sem þarf að fara í lægra launað starf af heilsufarsástæðum á rétt á viðmiðunarlaunum út frá hærra launaða starfinu. Skila þarf inn læknisvottorði



Ellilífeyrir – í beinu framhaldi af starfi: Verðtrygging á lífeyrisgreiðslum

- **Lífeyrisgreiðslur breytast skv. meðaltalsreglu eða eftirmannsreglu**
 - Einungis þeir sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi geta valið á milli
 - Velja þarf reglu innan 3. mánaða eftir að taka lífeyris hefst.
 - Ef ekkert er valið munu lífeyrisgreiðslur fylgja meðaltalsreglu.
 - Ekki er hægt að breyta af meðaltalsreglu yfir á eftirmannsreglu
- **Meðaltalsregla**
 - Lífeyrir breytist mánaðarlega til samræmis við meðalbreytingar sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu
- **Eftirmannsregla**
 - Lífeyrir breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum sem greidd eru fyrir það starf sem viðmiðunarlaun lífeyrisþega miðast við.




Framkvæmd eftirmannsreglu

- Lífeyrir endurspegli þau laun sem greidd eru fyrir það starf er sjóðfélagi vann síðast
- Sé starf ekki til taki lífeyrir meðaltals-breytingum nema sjóðfélagi kjósi annað
- Að sérhver lífeyrisþegi fái endurskoðun á launaviðmiði lífeyris einu sinni á ári
- Þeir sem völdu eftirmannsreglu við upphaf lífeyristöku geta síðar sótt um að lífeyrisgreiðslur fylgi meðaltalsreglu.



Samanburður vísitalna 1997 - 2019 (mars)



B-deild LSR – hálfur lífeyrir

Valkostur í boði frá 01.09.2018

- **Sjóðfélagi getur hafið lífeyristöku með hálfum lífeyrir frá 65 ára.**
 - Skilyrði er að fara í 50% starfshlutfall samhliða 50% lífeyrir.
- Réttindaávinnsla samhliða töku hálf lífeyris
 - Enginn ávinningur af því að fresta hinum helminginum
 - Ef lífeyrisþegi starfar áfram í 50% starfshlutfalli þá má hann greiða áfram og ávinnur sér réttindi í B-deildinni í hlutfalli við það starfshlutfall
 - Ef lífeyrisþegi fer í lægra starfshlutfall en 50% þá má hann ekki greiða áfram í B-deildina
- Starfshlutfall sem var í gildi við töku hálf lífeyris gildir þegar horft er á viðbótarréttindi maka við töku makalífeyris
- Viðmiðunarlaun geta breyst frá því að taka hálf lífeyris hófst þar til að lífeyrisþegi fer á fullan lífeyrir.
 - Ef lífeyrisþegi fer í lægra launað starf eftir að taka hálf lífeyris hefst þá á hann áfram rétt á að fá fullan lífeyrir út frá hærra launaða starfinu.
 - Ef sjóðfélagi fer í hærra launað starf eftir að taka hálf lífeyris hefst þá á hann rétt á að fá seinni helminginn út frá þeim launum.
- Lögglumenn mega fara á hálfan lífeyrir og fá viðbótarréttindi.
 - Fá þá hálf viðbótarréttindi.



Örorkulífeyrir

- 10%-75% örorkumat - lífeyrir í sama hlutfalli
- >75% örorka veitir sama rétt og lífeyrir
- Réttur til framreiknings ef rekja má aðalorsök örorku til starfs



Maka- og barnalífeyrir

- Makalífeyrir reiknast sem helmingur af áunnum rétti hins látna sjóðfélaga
 - 20% viðbótarréttindi
 - Réttur fyrri maka
- Makalífeyrir ævilagt
- Barnalífeyrir til 18 ára aldurs




Útborgunarferlið

- Sótt er um lífeyri hjá þeim lífeyrissjóði sem síðast var greitt til
- Umsóknin er framsend til annarra sjóða sem sjóðfélagi á réttindi
- Lífeyrir greiddur fyrirfram eða eftirá í byrjun hvers mánaðar
- Tekjuskattur reiknast af lífeyrisgreiðslum



Vefsíða LSR www.lsr.is



LSR

Hafa samband Starfsfólk Um LSR English Mínar síður Launagreiðendavefur

Réttindi Lífeyrir Séreign Lán Launagreiðendur Fjárfestingar

Hagstæð lán á góðum kjörum

- Kostir LSR lána
- Verðtryggt lán og vextir
- Överðtryggt lán og vextir

Fundir hjá LSR í maí 2019

- Ársfundur LSR þann 23.05.2019
- Kynningarfundir fyrir virka sjóðfélaga
- Fundur fyrir sjóðfélaga á lífeyri

Lífeyrisréttindi hjá LSR

- Réttindaávinnsla í A-deild eða B-deild
- Sækja um lífeyri á rafrænan máta
- Afbakka yfirlit á pappír

Reiknivélur Umsóknir og eyðublöð Spurt og svarað



Réttindi í öðrum sjóðum - lífeyrisgáttin

Lífeyrisgáttin
Hér birtast áminn lífeyrisréttindi þín í samtryggingarsjóðum

Mánaðarlegar greiðslur fyrir skatta við upphaf lífeyristöku

Lífeyrisjóður	Síðast greitt	65 ára	67 ára	70 ára
Lífeyrisjóður A	08 / 2015	1.000	3.000	6.000
Lífeyrisjóður B	08 / 2005	1.000	3.000	6.000
Lífeyrisjóður C	05 / 1998	1.000	3.000	6.000
Lífeyrisjóður D	12 / 1998	1.000	3.000	6.000
Lífeyrisjóður E	08 / 1998	1.000	3.000	6.000
Samtals:		5.000	15.000	30.000

Mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur og breyttist í samnámi við vinstöðu heyrsluverðis.

Fyrirvari
Lífeyrisgátt lífeyrisjóða eru upplýsingar um áminn réttindi til lífeyris sem er greiddur til ávíðka en sjóðirir veita jafnframt áfallstryggingu í formi óerku-, maka- og barnlífeyris. Upplýsingar frá hverjum og einum lífeyrisjóði eru fengnar ár réttindabókhalda þessa lífeyrisjóðs og eru á ábyrgð hans.
Þar sem réttindi í sjóðunum eru byggð upp með misrunandi hætti er mjög mikilvægt að leitað sé til viðkomandi lífeyrisjóðs um allar nánar upplýsingar. Ef þú „smellir“ á nafn lífeyrisjóðs færst þú yfir á heimasíðu hans.
Athugið að lífeyrisgáttirni eru ekki upplýsingar um innviðni í séneignarsjóðum.
Upplýsingar sjna lífeyrisgreiðslur fyrir skatta. Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum eins og venjulegum launagreiðslum.

Hér eru upptaldir þeir lífeyrisjóðir sem þú átt réttindi hjá.

Tiltekin eru þau tímabil sem síðast var greitt í sjóðinn. Tímabilin uppfærast mánaðarlega hjá LSR en á 6 mánaða fresti hjá öðrum sjóðum.



Lífeyrisgáttin



Skipting ellilífeyrisréttinda

- Skipting ellilífeyrisréttinda skal vera gagnkvæm og tekur aðeins til áunninna réttinda meðan hjúskapur eða óvígð sambúð hefur staðið eða mun standa.
- Skiptingin getur varðað ellilífeyrisréttindi í fortíð, nútíð og framtíð:
 1. Hægt er að skipta áunnum ellilífeyrisréttindum.
 - Samningur þarf að vera gerður áður en lífeyristaka hefst og eigi síðar en fyrir 65 ára aldur.
 2. Hægt er að skipta þeim ellilífeyrisréttindum sem munu ávinnast eftir að samkomulag um skiptinguna hefur verið gert.
 3. Heimilt er að skipta ellilífeyrisgreiðslum sem þegar eru hafnar.



Lífeyrismál.is - upplýsingavefur



SPURT OG
SVARAÐ

SVONA VIRKAR
KERFIÐ

LÍFEYRISJÓÐIRNIR

Landssamtök
lífeyrissjóða

Lífeyrisgáttin -
réttindin þín

ENG
POL

Leita...



LÍFIÐ ER
FRAMUNDAN

STARFSÆVIN

HUGAÐ AÐ
STARFSLOKUM





Viðbótarlífeyrissparnaður
Séreign LSR
Stofnuð 01.01.1999



Hvað er viðbótarlífeyrissparnaður?

- Iðgjald frádráttarbært frá tekjuskattstofni – frestar skattlagningu
- Sjóðfélagi má greiða 8% af heildarlaunum í lífeyrissjóð
 - 4% lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð (samtryggingasjóð)
 - 4% hámarksiðgjald í séreignarsjóð
- Kjarasamningsbundið mótframlag.
 - Algengt að mótframlag sé 2%



Iðgjald

– fyrir B-deild LSR

- Aukinn réttur sjóðfélaga í B-deild LSR til greiðslu iðgjalds í séreignarsjóð.
- Greiða 4% lágmarksiðgjald af dagvinnulaunum.
- Hægt er að greiða allt að 8% af yfirvinnulaunum í séreignarsjóð.



Iðgjald

– sér fyrir B-deild LSR

- Dæmi:
 - 4% af dagvinnu í B-deild LSR
 - 4% af heildarlaunum í Séreign LSR
 - 4% af yfirvinnu að auki í Séreign LSR



Fjárfestingarleiðir

- Séreign LSR býður upp á þrjár ólíkar fjárfestingarleiðir auk Sér-leiðar þar sem fjárfestingarstefna breytist sjálfkrafa eftir aldri sjóðfélaga
- Við val á fjárfestingarleið er tekið mið af aldri og viðhorfi til áhættu



Séreign - tryggingar

- Örorkulífeyrir
 - Útborgun vegna starfsorkutaps – dreifing greiðslu
- Maka- og barnalífeyrir
 - Útborgun vegna andláts sjóðfélaga
 - Skiptist skv. reglum erfðalaga
 - Greiddur til maka og barna
 - Fer ekki inn í dánarbú



Reglur um útborgun séreignarlífeyris

- Vegna aldurs
 - 60 ára
 - Heildar innneign laus til útborgunar
 - Útborgun getur þó aldrei hafist fyrr en tveimur árum eftir að fyrsta greiðsla barst sjóðnum
- Vegna örorku
 - Útborgun fyrir 60 ára vegna starfsorkutaps
 - Greiðslur dreifast á 7 ár eða lengur.
- Vegna andláts
 - Skiptist skv. reglum erfðalaga til maka og barna
 - Fer inn í dánarbú ef ekki er um lögerfingja að ræða



Séreign inn á lán

- Ráðstöfun á séreignarsparnaði skattfrjálst vegna fasteignakaupa skiptist í þrennt:
 - Séreign inn á lán – úrræði frá 1.7.2014, gildir til 30.6.2019
 - Húsnæðissparnaður – úrræði frá 01.07.2014, gildir til 30.06.2019
 - Stuðningur við kaup á fyrstu fasteign - hægt að sækja um frá 01.07.2017

Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga: Framlengd verði í tvö ár heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, frá 1. júlí 2019 til 30. júní 2021.



LSR Lán til sjóðfélaga

- Verðtryggð lán
 - fastir vextir 3,5%
 - breytilegir vextir nú 2,5%
- Óverðtryggð lán
 - Breytilegir vextir 6,2%
- Nauðsynlegt er að hafa veð í eigin fasteign láninu til tryggingar og sýna fram á greiðslugetu
- Veðhlutfall að hámarki 70% gegn ákveðnum skilyrðum
- LSR lán eru þjónusta við sjóðfélaga og hagstæður ávöxtunarkostur
- Mínar síður á vef LSR
 - upplýsingar um lán
 - hægt að framkvæma innborganir



Skrifstofa LSR Engjateigi 11

Opið alla virka daga: 9 – 16

Sími: 510-6100

Netfang: lsr@lsr.is

Heimasíða: www.lsr.is

